

UNDIRHLIÐAR
HAFNARFIRÐI

DEILISKIPULAG Greinargerð og skipulagsskilmálar



15.11.2016

útgáfa 0.3

UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjardur.is



0.1	SAMÞYKKTIR	3
0.2	BREYTINGAR	3
1.	FORSENDUR	6
1.1	ALMENNT UM VERKEFNIÐ	6
1.2	GRUNNGÖGN VERKEFNIS	6
1.3	AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS	6
1.4	NÚVERANDI AÐSTÆÐUR, STAÐHÁTTARLÝSING	7
1.4.1	Landslag	7
1.4.2	Fornminjar og þjóðleiðir	7
1.4.3	Akvegir og slóðar	9
1.4.4	Háspennulína	9
1.4.5	Vinnuskúrar	9
1.4.6	Vinnuvélar	9
1.4.7	Reykjanesfólkvangur	10
1.4.8	Vatnsvernd	10
2	MARKMIÐ SKIPULAGS	12
2.1	GÖGN DEILISKIPULAGS	13
2.2	UMFERÐ	13
2.2.1	Akvegir	13
2.2.2	Þjónustuslóðar	13
2.2.3	Lokun vegslóða	13
2.2.4	Bílastæði	13
2.2.5	Reiðgötur	13
2.2.6	Gönguslóðar	13
2.3	ÁNINGARSTAÐIR	14
2.4	HVERFISVERND- FORNMINJAR OG JARÐFRÆÐI	14
2.4.1	Þjóðleiðir HVb18	14
2.4.2	Fornminjar HVb18	14
2.4.3	Gígar HVb18	14
2.4.4	Kapellu- og Óbrinnishólakraun (bruni) HVb5	14
2.5	VATNSVERND	14
2.6	FRÁGANGUR	15
2.7	UPPGRÆÐSLA	16
2.8	ÁFANGASKIPTING	16
2.9	OPINBER LEYFI	17
2.10	EFTIRLIT	18

0 SAMÞYKKTIR OG BREYTINGAR

0.1 SAMÞYKKTIR

Frumdrög að deiliskipulagi voru til umfjöllunar í umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21.12.2005. Deiliskipulag þetta var samþykkt til kynningar í skipulags- og byggingarnefnd Hafnarfjarðar þann 06.09.2005 og staðfest í bæjarstjórn þann 13.09.2005. Deiliskipulagið var auglýst almenningi til sýnis frá 16.01.06-13.02.06. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í bæjarstjórn, þann 28.11.2006. Gerð var leiðrétting á deiliskipulaginu, útgáfa 0.2 dags. 22.01.2007 vegna athugasemda frá Skipulagsstofnun.

Nú er gerð deiliskipulagsbreyting, útgáfa 0.3, skv. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreyting þessi var samþykkt í skipulags- og byggingarráði þann _____

Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann _____

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Deiliskipulagsbreyting þessi öðlaðist gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann:

0.2 BREYTINGAR

Frávik frá deiliskipulagi og skilmálum þessum skal sækja um til skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar.

Umsóknir um frávik og breytingar verða kynntar, hagsmunaaðilum og almenningi með grenndarkynningu eða auglýsingu formlegrar breytingar á deiliskipulaginu eftir því sem lög kveða á um. Verði um breytingar á skilmálum þessum að ræða verður þeirra getið í þessum kafla í þeirri röð sem þær verða afgreiddar í skipulagsnefnd. Breytingar verða dagsettar og skilmálar fá þá nýtt útgáfunúmer. Fyrsta útgáfa er merkt 0.0, næsta útgáfa (fyrsta breyting) er merkt 0.1 o.s.frv. Útgáfa 0,0 var dags. 31.08.05.

Útgáfa 0.1 dags. 21.12.05

Gerðar voru nokkrar breytingar frá auglýstri tillögu í samræmi við athugasemdir í bréfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis frá 11.11.2005 og bókun Skipulags og byggingarráðs Hafnarfjarðar 15.11.2005. Breytingar fólust í því að komið var til móts við athugasemdir frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þar sem reiðstígur var færður frá áhrifasvæði vatnbóls í Kaldárbotnum úr austri, og staðsettur meðfram línuvegi frá norð-vestri og vöktunarholum vegna vatnsverndar bætt inn á.

Að auki var texti settur við skýringar á reiðstígum og göngustígum á deiliskipulagsupprætti „*Nákvæm lega háð nánari útfærslu á staðnum vegna landhátta*”

Breytingar voru gerðar á eftirfarandi köflum í greinargerð:

- Í kafla 1.3 stendur „Verkefnið tekur til svæðis við Undirhlíðanámu við Bláfjallaveg í Hafnarfirði um **400.000 m²**”. Stærðin er leiðrétt og er breytt í **193.000 m²**.
- í kafla 2.4, um HVERFISVERND er annarri málsgrein breytt og bætt er við hana eftirfarandi „*Vernda skal náttúrulega gróðurþekju, mosa, lynggróður, skógrækt, fornar þjóðleiðir, fornminjar og gervigiga. Svæðin eru tengd saman, þannig að þau mynda samfellda heild. Allar framkvæmdir eða breytingar innan hverfisverndar eru háðar umfjöllun í nefndum, skipulags- og byggingarráði, bæjarráði og bæjarstjórn.*”
- í kafla 2.5, um VATNSVERND, er annarri málsgrein breytt og bætt við eftirfarandi, “*....nema bráðabirgða skýli og steipt plön sem nauðsynleg eru að kröfu Heilbrigðiseftirlitsins. Í þriðju málsgrein er bætt við „Ekki er leyfð nein notkun eða birgðageymsla á hættulegum efnum né heldur eldsneyti”... og „Öll bráðabirgða mannvirki er tengjast námuvinnslu verða fjarlægð að lokinni efnisvinnslu á kostnað verktaka”. Við áttundu málsgrein er bætt við eftirfarandi: “Að öðru leyti vísast til skilyrða til starfsleyfis af hendi Heilbrigðiseftirlitsins”.*

Útgáfa 0.2 dags. 22.01.2007

Leiðrétt og yfirfarið í samræmi við bréf skipulagsstofnunar dags.19.01.2007.

Breytingar felast í leiðréttingum á uppdráttum: að gildandi aðalskipulag fyrir svæðið er sett inn á uppdrátt, sett eru inn lagfærð mörk Reykjanesfólkvangs til samræmis við gildandi aðalskipulags og afmarkaður er nýr akvegur með svartir línu svo hann verði sýnilegri.

Útgáfa 0.3 15.11.2016, lagfært eftir auglýsingu 03.04.2017.

Þessi breyting er unnin af Landslagi ehf. Breytingin felst í að vatns- og hverfisvernd og fjöldi háspennulína innan deiliskipulagssvæðisins er uppfærð til samræmis við gildandi aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 m.s.b. og Svæðaskipulag Höfuðborgarsvæðisins, vatnsverndarkort frá 2015.

Lagfært *eftir auglýsingu* eru: upplýsingar í greinargerð um núverandi ástand breytt (kaflar 1.4.4 - 1.4.8) til samræmis við að engin námuvinnsla er í gangi og ólíklegt að verði aftur á þessu svæði. Bætt var inn upplýsingum um fjölda mastra, bæði núverandi og áætlaðan fjölda nýrra mastra, í greinargerðina. Fjöldi mastra á gildandi uppdrætti (19.01.2007) er ekki réttur (vantar eitt) og er því ekki í samræmi við núverandi ástand, en tvö möstur eru á svæðinu undir núverandi línu. Einnig var bætt við upplýsingum um endurbætta minjaskráningu í kafla 1.4.2. og breytta hverfisvernd í kafla 2.4.

Fjölgun háspennulína úr einni í þrjár er matsskyld framkvæmd og fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, vegna liðar 3.08 í fyrsta viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Framkvæmdin fellur undir flokk A, framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum. Flokkur 3. Orkuiðnaður. 3.08. Loftlínur til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærri. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærri sem eru 20 km eða lengri. Gert hefur verið umhverfismat framkvæmdar og er skýrsla vegna umhverfismats áætlana byggð á henni og er hún í sér greinargerð.

Breytingar voru gerðar á eftirfarandi köflum í greinargerð:

- Í kafla 1.4.4 um HÁSPENNULÍNU er texta breytt til samræmis við áætlanir um fleiri háspennulínur og möstur og að námuvinnslu er lokið í norðurhluta svæðisins... *Í norðurenda svæðisins er staðsett háspennulína Landsvirkjunar og eru tvö möstur innan deiliskipulagsins. Námuvinnslu er lokið á þessu svæði, því verður svæðinu norðan námunnar ekki raskað af völdum námunnar. Gert er ráð fyrir að fjölga háspennulínum úr einni í þrjár og munu línurnar bætast við norðan við núverandi línu ásamt tilheyrandi möstrum (fjögur möstur í viðbót við núverandi tvö innan deiliskipulagsins, sjá nánar í umhverfismati áætlunarinnar í kafla 3.*
- Kafla 1.4.5. VINNUSKÚRAR breytt, texti um fjölda skúra sem var á svæðinu á meðan vinnsla var í gangi er tekinn út.
- Kafla 1.4.6. VINNUVÉLAR breytt þannig að textinn miðist við ef námuvinnsla er í gangi.
- Kafla 1.4.8. VATNSVERND breytt til samræmis við ný vatnsverndarmörk... *Hluti af svæðinu er innan grannsvæðis og fjarsvæðis vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu nr. 555 frá 2015 og tilheyra því verndarflokkum II og III skv. reglugerð nr. 533/2001. Á grannsvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar. Samkvæmt Heilbrigðiseftirlitinu telst, í ljósi fyrirbyggjandi rannsókna og upplýsinga, ólíklegt að námurekstur verði heimilaður á ný innan marka vatnsverndar. Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar. Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil á fjar- og grannsvæðum nema það sé tiltekið í tímabundnu starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Veglagning og áburðarnotkun verður að vera undir ströngu eftirliti. Sjá nánar í samþykkt vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.*
- Kaflar 2 og 2.8 texti uppfærður til samræmis við að fyrsti áfangi námunnar er frágenginn og ekki gert ráð fyrir frekari námuvinnslu miðað við núverandi aðstæður.
- Kafla 2.2.2 ÞJÓNUSTUSLÓÐAR Bætt er við setningunni Vegna fjölgun háspennulína þarf að bæta við smá bútum af þjónustuslóða frá núverandi slóða að nýjum möstrum. Sjá nánar á uppdrætti.
- Kafla 2.4.4 Kapellu- og Óbrinnishólakraun (bruni) HVb5 er bætt við undir kafla 2.4. *Hverfisvernd Kapellu- og Óbrinnishólakraun (bruni) HVb5 er bætt við norðvesturhluta deiliskipulagssvæðisins. Hverfisverndin nær til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður. Hluti hverfisverndar HVb5 nær einnig yfir sama svæði sem hverfisvernd Undirhlíðar HVb18 þjóðleið, fornleifar og gervigigar ná yfir og gilda báðar hverfisverndirnar.*

1. FORSENDUR

1.1 ALMENNT UM VERKEFNIÐ

Deiliskipulag þetta er unnið af Formu ehf. og hófst vinna við verkefnið haustið 2004. Við vinnslu verkefnis hefur verið notast við loftmyndir frá Ísgraf hf. frá 1997 og stafrænan kortagrunn Umhverfis- og tæknisviðs Hafnarfjarðar og við gögn úr mati á umhverfisáhrifum sem unnin voru hjá Umhverfis- og tæknisviði á árunum 2000-2004.

Að verkinu hefur starfað ráðgjafafyrirtækið forma ehf. og er deiliskipulagið unnið í samvinnu við Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar. Auk þess hefur skipulags- og byggingarnefnd Hafnarfjarðar og umhverfisnefnd/Staðardagskrá 21 Hafnarfjarðar fjallað um tillöguna á ýmsum vinnslustigum.

Unnið hefur verið að því að samræma og aðlaga nýtingarsjónarmið efnisvinnslu að nærliggjandi umhverfi og landmótun að mikilvægri náttúru sem nærumhverfið hefur að geyma.

1.2 GRUNNGÖGN VERKEFNIS

Til grundvallar þessu deiliskipulagi er aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015 og mat á umhverfisáhrifum frá mars 2004, ásamt úrskurði Skipulagsstofnunar frá 6.08.2004. Skipulagsvinnan tekur mið af þeirri stefnumörkun sem fyrir liggja og þeim áætlunum sem eru fyrir hendi af svæðinu frá Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar.

Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir:

- Aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 1997.

Önnur gögn:

- Stefnumótun og verklagsreglur um efnistöku í landi Hafnarfjarðar. Bæjarskipulag Hafnarfjarðarbæjar. Nóvember 2001.
- Mat á umhverfisáhrifum. Matsskýrsla fyrir efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar. Umhverfis- og tæknisvið Hafnarfjarðar. Mars 2004.
- Greinargerð og tillögur starfshóps skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar. 15. mars 2004.
- Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 06.08.2004.

1.3 AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS

Verkefnið tekur til svæðis við Undirhlíðanámu við Bláfjallaveg í Hafnarfirði um 193.000 m² og afmarkast af þeim útlínunum sem settar eru fram í mati á umhverfisáhrifum í kosti 3 (sjá kort 3, bls.34 Matsskýrsla fyrir efnistöku í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar. Mars 2004) og eru nú mörk deiliskipulags.

Með úrskurði Skipulagsstofnunar frá 06.08. 2004 er veitt leyfi fyrir efnisvinnslu skv. mati á umhverfisáhrifum lögum nr. 106/2000 með skilyrðum.

1.4 NÚVERANDI AÐSTÆÐUR, STAÐHÁTTARLÝSING

1.4.1 Landslag

Undirhlíðar eru svæði sem tilheyrir vesturhluta gosbeltis sem liggur eftir endilöngu Reykjanesi norður í Langjökul. Hlíðarnar eru samsettastar úr mörgum móbergshryggjum, með ávalar hlíðar, misgengi og dalverpi. Einkenni á landslagsformum eru aflíðandi hlíðar. Á svæðinu er að finna gervígiga og misgengi. Gróðurþekju er mestmegnis að finna í vestur- og austurhluta hlíðanna. Toppur undirhlíða er mestmegnis gróðurlaus melur, með einkenni bersvæðisgróðurs: melgróður og hnullungaskriða. Efsti toppur hlíðanna er um 170 m yfir sjávarmáli.



Skógræktarfélag Hafnarfjarðar gróðursetti í vesturhluta hlíðanna á tímabilinu 1950-1975. Þar er að finna dæmigerða skógrækt frá þessum tíma og notaðar hafa verið tegundir eins og; sitkagreni, blágreni, stafafura, bergfura, lerki og birki. Trén dafna þökkalega og eru orðin um 7-10 m há.



LOFTMYND-NÚVERANDI ÁSTAND

1.4.2 Fornminjar og þjóðleiðir

Fornleifakönnun var endurbætt og nánari upplýsingar skráðar um þekktar minjar, (*Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Undirhlíðum, Hafnarfirði*. Bjarni F. Einarsson 2017). Fyrri skráningar eru frá 1998 og 2003, sjá einnig meðfylgjandi umhverfisskýrslu *Fjölgun háspennulína og breytt vatnsverndar og hverfisverndarmörk*. Á svæðinu er að finna samtals átta fornleifar og fornar þjóðleiðir.



UNDIRHLÍÐAR
DEILISKIPULAGSBREYTING

MINJAR

KVAÐI-ÁR: 1:1000	TEKNI NÚR: 102
DAGS: 04.04.2017	HAMNAD: kg
FLOKKUR: 1400-hafn. A	TEIKNAD: irg/hnl/er
SKRÁ: 16149-minjar.dwg	VERKNR: 16149



X:\6\VERK\1400-HAFNA\9148-UNDIRHLÍÐAR-OSK-BREYTING\TEIKNING\16149-MINJAR.DWG

UPPMÆLDAR MINJAR NR 210:1-4 OG 212:1

Nr. og teg.	Varðveislugildi	GPS staðsetning Isn 93
210:1-4 Gvendarsel, lítilfjörlegt sel frá Görðum, fjórar rústir	8	E 359295 N 392023
211:1 Undirhlíðarvegur, gömul þjóðleið sem lá til Krýsuvíkur. Undirhlíðarvegur er spilltur á kafla þar sem Bláfjallavegur fer yfir hann.	7	E 358918 N 392026
212:1 Óþekktar rústir í gíg vestan við Bláfjallaveg.	6	N 63° 59.51 W 021° 53.46
286:1 Dalaleið, forn þjóðleið sem liggur til Krýsuvíkur.	6	E 359323 N 391950
353:1 Varða	2	E 358335 N 390986

1.4.3 Akvegir og slóðar

Í gegnum svæðið í dag liggur Bláfjallavegur, þjóðvegur. Á svæðinu er að finna þjónustuslóða að háspennulínu ofan á barmi námunnar norð-austan megin. Á svæðinu má sjá aðra vegslóða en samkvæmt skipulagi er ekki fyrirhugað að festa þá í sessi.

1.4.4 Háspennulína

Í norðurenda svæðisins er staðsett háspennulína Landsvirkjunar og eru tvö möstur innan deiliskipulagsins. Námuvinnslu er lokið á þessu svæði, því verður svæðinu norðan námunnar ekki raskað af völdum námunnar.


Gert er ráð fyrir að fjölga háspennulínum úr einni í þrjár og munu líurnar bættast við norðan við núverandi línu ásamt tilheyrandi möstrum (fjögur möstur í viðbót við núverandi tvö innan deiliskipulagsins), sjá nánar í umhverfismati áætlunarinnar í kafla 3.

1.4.5 Vinnuskúrar

Ef frekari námuvinnsla verður, mun henni fylgja færnanlegir, tímabundnir vinnuskúrar.

1.4.6 Vinnuvélar

Ef frekari námuvinnsla verður, mun henni fylgja vélar sem harpa efni, gröfur, jarðýtur og vörubílar.




MENNINGARMINJAR OG REYKJANESFÓLKVANGUR

1.4.7 Reykjanesfólkvangur


Fullnýtt efnistökusvæði og fyrirhugað efnistökusvæði er að hluta til innan Reykjanesfólkvangs. Um Reykjanesfólkvang gilda lög nr. 47/1971. Innan svæðisins er að finna jarðmyndanir sem falla innan verndarákvæða náttúruverndarlaga. Lögð verður áhersla á að vernda þessar jarðmyndanir og lagt er til að merkja þær á svæðinu.

1.4.8 Vatnsvernd

Hluti af svæðinu er innan grannsvæðis og fjarsvæðis vatnsbólsins í Kaldárbotnum skv. samþykkt um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu nr. 555 frá 2015 og tilheyra því verndarflokkum II og III skv. reglugerð nr. 533/2001. Á grannsvæði eru framkvæmdir og starfsemi sem ógnað geta öryggi vatnsöflunar bönnuð. Önnur landnot eru einkum til útivistar enda falli þau not að forsendum vatnsverndar. Samkvæmt Heilbrigðiseftirlitinu telst, í ljósi fyrirliggjandi rannsókna og upplýsinga, ólíklegt að námurekstur verði heimilaður á ný innan marka vatnsverndar. Fjarsvæði er aðalákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Öll landnot verða að falla að forsendum vatnsverndar. Geymsla á olíu, bensíni og öðrum varasömum efnum er óheimil á fjar- og grannsvæðum nema það sé tiltekið í tímabundnu starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Sama gildir um olíuáfyllingar á tæki og tanka. Veglagning og áburðarnotkun verður að vera undir ströngu eftirliti. Sjá nánar í samþykkt vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.



YFIRLITSMYND



STAÐHÁTTARLÝSING

2 MARKMIÐ SKIPULAGS

Deiliskipulagið felur í sér meginmarkmið:

Að tryggja skipulagða efnistöku, þannig að efnistaka og frágangur haldist í hendur og að vinnsla fari öll fram skv. lögum og reglum og að framtíðasýn sé mótuð fyrir svæðið og notkun þess.

Deiliskipulagið byggir jafnframt á markmiðum sem sett eru fram í núgildandi mati á umhverfisáhrifum, í aðalskipulagi Hafnarfjarðar og stefnumörkun um efnistöku í landi Hafnarfjarðar. Þessi undirmarkmið eru:

- Að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi með skynsamlegri nýtingu jarðefna þannig að komandi kynslóðir njóti sömu gæða.
- Að vernda sérstakt landslag og jarðmyndanir í landi Hafnarfjarðar og að spilla ekki mikilvægum náttúruvættum og náttúruminum.
- Að stuðla að skynsamlegri meðferð og nýtingu jarðefna á svæðinu en jafnframt að vernda náttúru- og söguminjar/fornminjar.
- Að stuðla að uppgræðslu- skógrækt og efla grenndargróður og gróðurþekju.
- Að frágangur svæðisins verði í samræmi við endanlegt útlit og að því megi skipta upp í minni framkvæmdaráfanga.

Við hönnun svæðisins og frágang þess er aðalmarkmið að skapa aðlaðandi útivistarsvæði fyrir almenning og lögð er áhersla á að tengja núverandi landslag og frágang við náttúrulegar aðstæður á svæðinu þó þannig að manngerði hlutinn sé greinilegur, en að heildarmynd fléttast vel saman. Svæðið er gert hlýlegt með uppgræðslu á grenndargróðri.

Framtíðarnotkun svæðisins verður, sérhæft útivistarsvæði-Opið svæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir að skilja eftir klettamyndanir í norður (eldri hluta) hluta námunnar vegna afar áhugaverða jarðmyndanna (berg/stáls). Gengið hefur verið frá nyrsta hluta námusvæðisins. Þar er áætlað svæði til klettlífursæfinga og hinsvegar að svæðið verði sérhæft sem skoðunarsvæði fyrir jarðfræði þar sem settur yrði upp áningarstaður með upplýsingaskilti um Reykjanesfólkvang, jarðfræði og söguminjar. Lagt er til að frágangur í núverandi námu verði aðallega í botni námu þar sem hann verði fylltur upp með 1-3 m lagi og græddur upp, en ekki verði unnið meira í núverandi bergi. Á svæðinu yrði sett upp aðvörunarskilti um fallhættu. Fyrirhuguð náma yrði aftur á móti með meira aflíðandi hlíðum og uppgræddum botni. Hugmyndin er að gera svæðið að “jarðfræði- og klettlífurgarði”.

Deiliskipulagið felur í sér eftirfarandi þætti:

- Endurbætt umferðarskipulag og ný staðsetning á þjóðvegi
- Fyrirkomulag gönguslóða
- Fyrirkomulag reiðstíga
- Staðsetning á áningarstöðum og bílastæðum
- Staðsetning á uppgræðslusvæðum með grenndargróðri
- Staðsetning á uppgræðslusvæðum með trjám og runnum
- Áfangskipting við námuvinnslu
- Frágangur, landmótun og nýting að lokinni efnisvinnslu

2.1 GÖGN DEILISKIPULAGS

Greinargerð þessi með skipulagsskilmálum, felur í sér eftirfarandi gögn:

- Deiliskipulagsuppráttur í mkv. 1:5000
- Skýringauppráttur: Þemakort mkv. 1:10 000
- Skýringaruppráttur: Sneiðingar mkv. 1:2000
- Skýringaruppráttur: Landmótun og nýting að efnistöku lokinni mkv. 1:1000/4000
- Umhverfisskýrslu vegna fjölgunar háspennulína úr einni í þrjár (2016)

2.2 UMFERÐ

2.2.1 Akvegir

Skv. tillögum frá Vegagerðinni er nauðsynlegt að breyta legu Bláfjallavegar vegna mikils bratta. Gert er ráð fyrir að Bláfjallvegur verði færður. Í stað þess að liggja niður bratta brekku með krappri beygju, færir vegurinn lengra til norðurs og verður meira aflíðandi. Nánari staðsetning og mótun lands er háð útfærslu Vegagerðarinnar.

2.2.2 Þjónustulóðar

Um svæðið norðvestan liggur þjónustulóði að háspennulínu. Ekki er gert ráð fyrir að færa þurfi vegslóðann til þar sem ekki verður unnið meira efni í norðurenda svæðisins. Vegna fjölgun háspennulína þarf að bæta við smá búi af þjónustulóða frá núverandi slóða að nýjum möstrum. Sjá nánar á upprætti.

2.2.3 Lokun vegslóða

Gert er ráð fyrir að öllum vegslóðum, sem ekki eru samþykktir skv. aðalskipulagi eða deiliskipulagi þessu innan skipulagssvæðis, verði lokaðir fyrir akandi umferð bíla og vélhjóra/”motor cross” hjóra og sett verði upp skilti þar að lútandi. Öll óviðkomandi umferð vélknúinna ökutækja er bönnuð á svæðinu bæði innan vegslóða og utan vega eins og segir til í lögum.

2.2.4 Bílastæði

Lagt er til að nýta núverandi vegslóða inn á elsta námusvæðið og að þar verði gerð bílastæði.

2.2.5 Reiðgötur

Gert er ráð fyrir reiðvegi í austurhluta hlíðanna. Þar verði notast við vegslóða sem þegar er til staðar og liggur ofan á námubarmi og er sami slóði og er þjónustulóði í dag. Við nýjan hluta efnisvinnslu verði lögð ný reiðleið skv. deiliskipulagskorti.

2.2.6 Gönguslóðar

Gönguleiðir verða stikaðar með viðeigandi stikum þ.e. ein fyrir þjóðleið og önnur fyrir gönguslóða eins og sýndar eru á korti. Ekki er gert ráð fyrir að útbúið verði sérstakt yfirborð á gönguslóðana (þ.e. hvorki malar né malbikaðir stígar eins og er fyrir hefðbundna göngustíga) heldur verði notast við það einstigi sem er til staðar í dag.

2.3 ÁNINGARSTAÐIR

Við áningarstaði er gert ráð fyrir að komið verði fyrir trébekkjum og borði. Þar verði einnig að finna upplýsingaskilti um áhugaverða staði í nærumhverfi. Áningarstaður verður einn.

2.4 HVERFISVERND- FORNMINJAR OG JARÐFRÆÐI

Hverfisvernd eru svæði sem falla undir vernd sem bæjarfélagið samþykkir að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar, menningarsögulegs- og/eða listræns gildi.

Vernda skal náttúrulega gróðurþekju, mosa, lynggróður, skógrækt, fornar þjóðleiðir, fornminjar og gervigíga. Svæðin eru tengd saman, þannig að þau mynda samfellda heild. Allar framkvæmdir eða breytingar innan hverfisverndar eru háðar umfjöllun í nefndum, skipulags- og byggingarráði, bæjarráði og bæjarstjórn.

2.4.1 Þjóðleiðir HVb18

Þjóðleiðin - Undirhlíðar liggur um vestanvert svæðið í jaðri hlíðanna og Dalaleið liggur í jaðri Bakhlíða austan megin. Hverfisvernd er sett á minjasvæði og þjóðleiðirnar *Undirhlíðaveg* og *Dalaleið* þó aðeins neðst í Bakhlíðum þar sem hraunjaðarinn er. Minjarnar hafa fræðslugildi og stefnt er að því í samvinnu við Byggðasafn Hafnarfjarðar að þær verði merktar á fræðandi hátt.

2.4.2 Fornminjar HVb18

Minjarnar hafa fræðslugildi og stefnt er að því í samvinnu við Byggðasafn Hafnarfjarðar að þær verði merktar á fræðandi hátt.

2.4.3 Gígar HVb18

Gígarnir hafa fræðslugildi og stefnt er að því að þeir verði merktir á fræðandi hátt.

2.4.4 Kapellu- og Óbrinnishólakraun (bruni) HVb5

Hverfisvernd *Kapellu-* og *Óbrinnishólakraun (bruni) HVb5* er bætt við norðvesturhluta deiliskipulagssvæðisins. Hverfisverndin nær til þess hluta hraunanna sem nú er óraskaður. Hluti hverfisverndar HVb5 nær einnig yfir sama svæði sem hverfisvernd *Undirhlíðar HVb18 Þjóðleið, fornleifar og gervigígar* ná yfir og gilda báðar hverfisverndirnar.

2.5 VATNSVERND

Það svæði sem er innan grannsvæðis vatnsverndar er þar af leiðandi afar viðkvæmt. Þar eru ekki leyfðar neinar byggingar, nema bráðabirgða skýli og steipt plön sem nauðsynleg eru að kröfu Heilbrigðiseftirlitsins. Ekki er leyfð nein notkun eða birgðageymsla á hættulegum efnum né heldur eldsneyti. Veglagning og áburðarnotkun verður að vera undir ströngu eftirliti. Öll bráðabirgða mannvirki er tengjast námuvinnslu verða fjarlægð að lokinni efnisvinnslu á kostnað verktaka.

Til að fullnægja reglum um vatnsvernd og heilbrigðisreglugerð er þess krafist að steipt plön með olíugildrum séu þar sem eldsneytisskipti eigi sér stað. Byggja þarf upp utan um rafstöð vegna rafmagns, ef um díselstöð er að ræða. Salerni þarf og safntanka þar sem vinnuaðstaða starfsmanna á að vera. Sorp og annan úrgang skal geyma samkvæmt viðurkenndum aðferðum og flytja hann út af svæðinu til förgunar. Að öðru leyti vísast til skilyrða til starfsleyfis af hendi Heilbrigðiseftirlitsins.

Verktaki sem hyggst vinna efni í námunni er skylt að afla sér starfsleyfis sem sótt er um

til Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi til atvinnureksturs.

Þegar starfsleyfi liggur fyrir er hægt að sækja um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar Hafnarfjarðar.

Í tengslum við fjölgun háspennulína innan skipulagssvæðisins eru gerðar miklar kröfur um varrúðarráðstafanir á framkvæmdatíma:

- *Óheimilt er að vinna innan grann- og brunnsvæða frá nóvemberbyrjun og út mars.*
- *Til að hindra að mengunarslys með varanlegum afleiðingum verði á vatnsverndarsvæði verður gerð sú krafa að verktakar og aðrir sem vinna þar lágmarki umferð með olíu um svæði þar sem berggrunnur er gropinn. Jafnframt verður þess krafist að á grann- og brunnsvæðum verði öllum tækjum lagt á þar til gerða dúka sem safna í sig olíu og glussa ef leki á sér stað og að einnig verði olíuhreinsunarútbúnaður alltaf til taks nálægt vinnuvélum.*
- *Til að lágmarka enn frekar þá mengunarhættu sem skapast við framkvæmdir verður fullnægjandi ástand vinnutækja tryggt, ásamt fullnægjandi innra og ytra eftirliti.*
- *Undir spennum í tengivirkjum verða olíugildirur og sérstakur eftirlitsbúnaður til að tryggja að hugsanlegur olíuleki berist ekki út í umhverfið og geti valdið mengun.*
- *Til að minnka dreifingu þungmálma á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar verður haft strangt eftirlit með gæðum og efnissamsetningu galvanhúðar á möstrum og þess gætt eins og kostur er að undirstöðuplan og línuvegur séu höfð á svæði sem snýr undan aðalúrkomuátt.*


Jafnframt er gert ráð fyrir að eftir að framkvæmdum ljúki verði línuslóð frá Sandskeiði að Undirhlíðum lokað fyrir almennri umferð ökutækja, í samráði við landeigendur og heilbrigðiseftirlit, og merkt sérstaklega, bæði til að lágmarka mögulega mengunarhættu á vatnsverndarsvæðum og verja umliggjandi gróður.

2.6 FRÁGANGUR

Verktaka er gert skylt að ganga frá hverjum áfanga fyrir sig áður en hafist er handa við nýjan áfanga.

Óheimilt er að hefja vinnslu á nýjum áfanga nema að lokið sé við frágang á fyrri áfanga.

Verktaki sem hyggst vinna efnisvinnslu á svæðinu er skylt að ganga frá að vinnslu lokinni eins og segir til um hvern áfanga fyrir sig. Verktaka er gert að móta land og jafna út ofanýtingi í fláa eins og segir til um í deiliskipulagi þessu. Þegar búið er að móta landið er verktaka skylt að binda opinn jarðveg eins og segir til um í uppgræðslukafla, með blönduðu fræi. Þetta sé gert sama ár og lokið er við efnisvinnslu hvers áfanga fyrir sig.



SNEIÐING: ENDURNÝTTUR
OFANÝTINGUR

2.7 UPPGRÆÐSLA

Gert er ráð fyrir að gróðursetning verði einskorðuð við tegundir sem falla undir skilgreininguna sem “íslenskur gróður” eða “náttúrulegur gróður” eins og íslenskt birki, víðitegundir, mosar og lyng.

Við uppgræðslu verði notaðar svipaðar tegundir og eru þegar á svæðinu, náttúrulegan gróður/grenndargróður. Með hugtakinu grenndargróður er átt við gróður sem er sjálfsáður á svæðinu (á náttúrulegan hátt) og svo gróður sem talinn er tilheyra upphaflegum gróðurtegundum á landinu þ.e. lággróður. Lággróður líkt og mosi, lyng (sortulyng, beitilyng og krækilyng), hvítmári og gullkollur. Tré og runnar yrðu síðan gróðursett í framhaldi s.s. loðvíðir, gulvíðir og íslenskt birki.

Í botninn á námunum yrði notað gróft afgangsefni úr efnisvinnslunni (ofanýtingur) sem neðsta lag, þar ofan á kæmi sandkennd gróðurmold (ofanýtingur). Í þetta botnlag yrði síðan sáð fræi með blöndu af náttúrulegum frætegundum og gróðursett yrðu tré og runnar.

Ekki verður leyft að nota lúpínu við uppgræðslu. En til greina kemur að nota fljótsprottnar, einærar grastegundir eins og rýgresi til að binda jarðveg, ásamt blöndu með fræum af grenndargróðri. Í framhaldi af bindingu jarðvegs eða ári seinna er ráðlegt að fara að gróðursetja tré og runna á þeim svæðum sem eru skilgreind skv. deiliskipulagi.

2.8 ÁFANGASKIPTING


Gert er ráð fyrir að svæðið verði unnið í 5 áföngum. Áfangi eitt var miðaður við námusvæði sem var í vinnslu 2005, ásamt þeirri viðbót sem samþykkt var í umhverfismati.

Áfangi eitt var um 135.000 m² og hefur verið lokið vinnslu þar. Ekki var unnið eins mikið á svæðinu og mat leyfði, þ.e. þjónustulóðinn sem til staðar er austan megin var skilinn eftir. Frágangur verður í samræmi við sérupprátt að landmótun og nýtingu að efnistöku lokinni.

Hin fjögur svæðin eru öll um það bil 50.000 m² að stærð. Áætlað er að vinna einn áfanga í einu og óheimilt er að hefja vinnslu nema þegar búið er að ganga frá hverjum áfanga fyrir sig. Hægt er að vinna hvert svæði niður um 20-30 m en að hámarks leyfileg

vinnlustærð er um 150.000-300.000 m³ á ári. Áætlað að hvert svæði geti gefið af sér að hámarki um 1.500.000 m³ í fimm ár samanlagt.

Haugsetningu á umframefni verði sett upp á barma sitthvoru megin við námuna. Við lok efnisvinnslu er efninu síðan ýtt niður á botn sem er fylltur með 1-3 m og fláar myndaðir í 1:2-1:1 eða á svipaðan hátt og náttúrulegir fláar á svæðinu, sem eru á bilinu 15-99% halla.



ÁFANGASKIPTI

2.9 OPINBER LEYFI

Framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar sbr. 27 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1999 og starfsleyfi heilbrigðiseftirlits svæðisins sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi til atvinnureksturs.

- Framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar
- Starfsleyfi heilbrigðiseftirlits

Efnistakan hefur þegar farið í gegnum ferlið fyrir mat á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. Úrskurður Skipulagsstofnunar liggur fyrir frá 6. ágúst 2004, málsnúmer 2004020059, þar sem fallist var á framkvæmd með skilyrðum. Úrskurður var ekki kærður.

Gert er ráð fyrir að þegar efnistöku við áfanga 1 og aðlögunartíma er lokið, verði efnisvinnsla boðin út og að gefið sé út framkvæmdarleyfi fyrir hámarki að 5 árum í senn. Sótt er um framkvæmdarleyfi til Skipulags- og byggingarnefndar Hafnarfjarðar. Umsækjanda er bent á að leggja þarf inn umsókn með góðum fyrirvara áður en framkvæmdir hefjast þar sem umfjöllun um leyfið getur tekið nokkrar vikur.

Eftirfarandi gögn þurfa að koma fram í umsókn um framkvæmdarleyfi:

- Nafn umsækjanda og kennitala
- Heimilisfang, póstnúmer og sveitarfélag
- Staðsetning, heiti námu og áfanganúmer.
- Kort af námusvæði
- Magn efnis í m²

- Magn efnis í m³
- Gerð efnis
- Áætlaður vinnslutími
- Áætlaður dagsetning frágangs á efnistökuastað.
- Starfsleyfi hvenær það var gefið út
- Undirskrift þess sem sækir um og kennitala
- Heimilisfang, póstnúmer og staður og dagsetning
- Umfjöllun og samþykkt skipulags- og bygginganefndar
- Samningur um námuleyfi og gjöld liggja fyrir og samþykktur
- Framkvæmdaleyfisgjöld hafi verið greidd
- Framkvæmdarleyfi fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki verið hafnar innan tólf mánaða frá útgáfu þess

2.10 EFTIRLIT

Umhverfis- og tæknisvið hefur yfirumsjón með efnisvinnslu við Undirhlíðar.

Verktaka er skylt einu sinni á ári að boða umsjónarmann Umhverfis- og tæknisviðs á staðinn, ásamt fulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á verkstað til fundar og einnig við upphaf og áfangalok hverju sinni. Í framkvæmdarleyfi verður nánar skilgreind tímasetning.


Verktaka er jafnframt skylt að skila mánaðarlega inn, daglegum magntölum (m³) og svo samantekt á tölvutæku formi á 6 mánaða fresti. Innmælingu (hnitamælingu) af efnisvinnslusvæði skal skila inn einu sinni á ári af svæðinu á tölvutæku formi (dwg/dxf eða sbr.) og í því hnitakerfi sem Umhverfis- og tæknisvið óskar eftir hverju sinni. Þar skal koma fram stærð svæðis í m² sem unnið hefur verið hverju sinni. Sömu gögnum skal einnig skila á pappírformi.

Verktaka er skylt við upphaf og áfangalok hverju sinni að boða umsjónarmann Umhverfis- og tæknisviðs á staðinn, ásamt fulltrúa frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis.


Umhverfis- og tæknisvið mun halda utan um upplýsingar og umsjónarmaður frá Umhverfis- og tæknisvið mun halda áfram að sinna eftirliti með því að fara á verkstað, 2-4 sinnum á ári og taka myndir ef þörf þykir.

1







LOFTMYND NÚVERANDI ÁSTAND




NÚVERANDI MANNVIRKI




MENNINGARMINJAR OG MÖRK REYKJANESFÖLKVANGS



NÚVERANDI SKÓGRÆKT



ÁFANGASKIPTING EFNISVINNLSU



STADHÁTTARLÝSING

*Sjá jafnframt greinargerð og skipulagsskiðmála.

Verk:
DEILISKIPULAG VIÐ UNDIRHLÍÐAR
EFNISTAKA OG FRÁGANGUR


Teikning:
SKÝRINGARUPPDRA'TTUR-DEMOKORT

Verkkaupt:
Umhverfis- og tæknisvið
Hafnarfjarðarbæjar

Breytingar:
A) 21.12.2005. Leiðrétt í samræmi svör við ást. Heilbrigðisráðs
Hafnarfjarðar- og Kópavogs frá 11.11.2005.
B) 10.05.2006. Breytt skv. afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs frá
09.05.2006.
C) 22.01.2007. Lagfæringar í samræmi við bréf frá Skipulagstofnun dags.
19.01.07.


Hannað: BG Mikv: 1:10 000
Teiknað: BG/HB Dags: 31.08.2005.
Tölvasúkré: TEIKN. NR. 02

forma ehf.
Landslagsskiðmálar og teikningar
Rjúkubrunnendóttir laundagarnshósti 1 FLA
Laga Flak Gufneldóttir laundagarnshósti 1 FLA
SkvR@forma.is Ingur@forma.is
Köppungveg 28 - 27 101 Reykjavík
s. 587 9020 www.forma.is hl. 990804-0880




SNEIÐING A-A1

Mvk: 1:2000




SNEIÐING B-B1

Mvk: 1:2000



SNEIÐING C-C1

Mvk: 1:2000



SNEIÐING D-D1

Mvk: 1:2000

*Sjá jafnramt greinargerð og skipulagsskilmála.

Verk:
DEILISKIPULAG VIÐ UNDIRHLÍÐAR
EFNISTAKA OG FRÁGANGUR

Tekning:
Skýringauppráttur:
Sneiðingar


Verkkaup:
Umhverfis- og tæknisvið
Hafnarfjarðarbæjar

Breytingar:
A) 21.12.2003, Leifnér í samræmi með við stö. heftbrigðisritna
Hálfarþarlar- og Kópavogi frá 11.11.2005.
B) 03.05.2006, Breytt skv. atgættisú skýringu- og byggigerð frá
09.05.2006.
C) 22.01.2007, Lagðarlegur í samræmi við bréf frá Skipulagsskiptum daga
19.01.07.


Hannað: BG
Táknað: BG/HB
Töluskrif:
Mvk: 1:5 000
Dags: 31.08.2005.
TEIKN. NR: 03

forma ehf.
Umhverfis- og tæknisvið
Hafnarfjarðarbæjar


Þjónustufélag umhverfis- og tæknisviðs
Laga 204 Reykjavík 101
Sími: 591 8000
www.forma.is




GRUNNMYND: landmótun, hæðarlínur og frágangur Mkv. 1:4000



GRUNNMYND: Aðstaða tímabundinna mannvirkja mkv: 1:1000



SNEIDING: Dæmigerður endurnýttur afgangsjarðvegur, ofanýtingur



GRUNNMYND: Dæmigerður gróður í uppgræðslu

- SKÝRINGAR
- Sveltartélgasmörk
 - Mörk deiliskipulags
 - Mörk Reykjanesfólkvangs
 - Grannsvæði vatnsverndar
 - Fjarsvæði vatnsverndar
 - Háspennulína og heigunarmörk
 - Núverandi efnistaka-raskað svæði
 - Læyflög mörk efnistöku skv. mat. á umhverfisáhrifum
 - Forn þjóðleik, innmæld
 - Nýr akvegur
 - Nýr akvegur
 - Góngusóð/Lívistarsíftur
 - Ráðstafur
 - Núverandi skógræktigróður
 - Nýr gróður
 - Uppgræðslusvæði-endurnýttur ofanýtingur
 - Vöktunarhorur vegna vatnsverndar
 - Hverfisvernd
 - Núverandi hæðarlínur
 - Nýjar hæðarlínur
 - Innmældar hæðir
 - Staðsetning í. írmbundna aðstöðu mannvirkja

*Sjá jafnframt greinargerð og skipulagsskilmála.

Verk:
DEILISKIPULAG VIÐ UNDIRHLÍÐAR
EFNISTAKA OG FRÁGANGUR

Teikning:
Skýringauppráttur:
Landmótun og nýting að efnistöku lokinni

Verkkaup:
Umhverfis- og tæknisvið
Hafnarfjarðarbæjar

Breytingar:
A) 21.12.2005. Leiðrétt í samræmi svér við atsk. Heilbrigðisstofn
Hafnarfjarðar- og Kópavogs frá 11.11.2005.
B) 10.05.2006. Breytt skv. afgræðslu skipulags- og byggingarráðs frá
09.05.2006.
C) 22.01.2007. Lagfæringar í samræmi við bréf frá Skipulagstofnun dags.
19.01.07.

Hannað: BG Mkv: 1:1000/4000
Teiknað: BG/HB Dags: 31.08.2005.
Tölvuskrá:
TEIKN. NR: 04

forma ehf.

Stjórn: Guðmundur Ólafsson, Landlagaarkitekt P.Á.
Hjördis Guðmundsdóttir, Landlagaarkitekt P.Á.
Njálfríður Formanna, Ingvaldur Formanna
Kilgastungu 23 - 27 101 Reykjavík
t. 597 9020 www.forma.is hl. 590904-0860




Efnistökusvæði núverandi ástand, horft til norð-austurs



Hugmynd um frágang að lokinni efnisvinnslu horft til austurs í átt að klifurveg



Núverandi ástand, horft til austurs í átt að "stálinu", bröttum klettavegg



Hugmynd að nýtingu svæðis að efnisvinnslu lokinni "jarðfræði- og klifurgarður".



Hugmynd um klifurveg